

um breyting á lögum nr. 16 26. febrúar 1943, um orlof.

Flm.: Gísli Jónsson.

1. gr.

6. mgr. 8. gr. laganna orðast svo:

Allt það fé, sem inn kemur fyrir seld orlofsmerki, skal pósthjórnin leggja í lok hvers mánaðar í sérstakan sjóð, sem nefnist orlofssjóður. Skal sjóðurinn ávaxtaður að hálfu leyti í Landsbanka Íslands, en að hálfu leyti í Útvegsbanka Íslands h/f. Orlofssjóður greiðir út orlofsfé samkv. fyrirmælum 13. gr. Kostnaður við orlofsfé og orlofsbækur greiðist úr orlofssjóði, að svo miklu leyti sem fé er fyrir hendi til þess í sjóðnum fram yfir lögboðnar greiðslur samkv. 13. gr., annars úr ríkissjóði. Reikningar orlofssjóðs skulu árlega birtir í Stjórnartíðindunum.

2. gr.

Í stað „til ríkissjóðs“ í 2. mgr. 13. gr. laganna kemur: til orlofssjóðs.

Greinargerð.

Í sambandi við afgreiðslu fjárlaganna var upplýst, að fé því, sem inn er greitt fyrir orlofsmerki, er ekki haldið sér, heldur notað sem rekstrarfé pósthjóðs, eins og það væri einn hluti af tekjum ríkissjóðs. Komu þessar upplýsingar fram í sambandi við 2 millj. og 220 þús. kr. upphæð, er pósthjóður hafði lánað til rekstrar áætlunarbifreiða ríkisins og ekki verið endurgreidd sjóðnum fyrir áramótin síðustu. Voru þessar ráðstafanir gagnrýndar, bæði í nefndaráli og framsögu, og bent á, að úr þessu yrði að bæta, þar sem heimild brýsti til þess að nota orlofsfé á þann hátt, sem hér hafði verið gert, þar sem það fé væri ekki tekjur pósthjóðs, heldur eign sérstakra aðila, sem pósthjóði væri með sérstökum lögum falin innheimta á. Að visu hafði samgöngumálaráðherra mótmælt því harðlega, að nokkur hluti þessarar upphæðar, sem þannig hafði verið fest í rekstri áætlunarbifreiða, væri orlofsfé, en eftirfarandi yfirlýsing póstritarara, sem skráð er í fundargerðabók fjárveitinganefndar 31. marz s. l., tekur af allan vafa um þetta atriði, en þar segir svo:

„Fundur fjárveitinganefndar 31. marz kl. 9.00.

1. Egill Sandholt póstritari mætti á fundinum. Hann gaf skýrslu varðandi lán úr pósthjóði til rekstrar áætlunarbifreiða. Lýsti hann yfir, að þau ummæli framsögumanns fjárveitinganefndar, að lán þetta, að upphæð kr. 2.220 millj. væri lánað úr pósthjóði, þ. á m. orlofsfé, væru rétt eftir sér höfð.

Póstritari tók fram, að það, sem hann kallaði pósthjóð, væri allt það fé, sem pósthjórnin innheimti, en þ. á m. væri orlofsféð, því að engu væri haldið sérstöku af innheimtufénu, sem væri árlega á annað hundrað milljónir króna. Hann tók fram, að pósthjóður hefði að sjálfsögðu nægilegt veltufé til þess að fullnægja skuldbindingum sínum.“

Með því að lögin um orlof fyrirskipa ekki, að inngreitt fé fyrir orlofsmerki skuli lagt í sérstakan orlofssjóð, og ljóst er, að þetta hefur ekki verið gert, þykir rétt, að þetta sé skýrt frá tekið í sjálfum lögnum, og því er frv. þetta borið fram.

Samkvæmt 8. gr. laganna ber ríkissjóði að greiða allan kostnað við orlofsmerki og orlofsbækur. Er tekinn upp á 17. gr. fjárlagafrv. fyrir árið 1949 360 þús. kr. gjaldaliður til þess að mæta þessum útgjöldum. Hins vegar er og ætlat til samkv. fyrirmælum 13. gr., að andvirði orlofsmerkja, sem ekki hefur verið greitt út fyrir ákveðinu dag, falli til ríkissjóðs. Er alveg óupplýst, hve miklu þessi upphæð nemur árlega, og mun hún því enn standa óhreyfð í pósthjóði frá upphafi. Má telja víst, að hún ásamt ársvöxtum sjóðsins nægi til þess að greiða þennan kostnað, og er því í frv. lagt til, að orlofssjóðurinn greiði kostnaðinn, að svo miklu leyti sem fé er fyrir hendi í sjóðnum fram yfir skyldugreiðslur samkv. 13. gr.

Rétt þykir að leggja til, að báðum aðalbönkum landsins sé gert jafnt undir höfði að ávaxta fé orlofssjóðs.